



FUNDARGERÐ

Yfirskrift / efni: 15. fundur stjórnar KLÍ, 2010-2011

Staðsetning: Skrifstofu KLÍ

Hvenær: Fimmtudag, 7.04.2011 kl. 17:30

Þátttakendur: Þórir Ingvarsson (ÞI) formaður
Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) varaformaður
Valgeir Guðbjartsson (VG) gjaldkeri
Guðmundur Sigurðsson (GS) ritari
Ingi Geir Sveinsson (IGS) varamaður

Boðuð forföll: Ómar Kristjánsson (ÓK) fundarritari
Höskuldur Höskuldsson (HH) varamaður
Guðmundur J. Kristófersson (GJK) varamaður

Fjarverandi:

Fundarritari: VG

Helstu mál: Fundargerð s. f., reglugerðabreytingar, lokahóf KLÍ, vinnuhópur og önnur mál.

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar:

Fundargerð síðasta fundar samþykkt samhljóða.

2. Reglugerðarbreytingar:

ÞI: KLÍ leggur fram breytingar á eftirfarandi reglum KLÍ: 13 gr um aganefnd, 1 og 3 gr um keilumót, 13 gr um dómara, 16 grein um íslandsmót liða, 4 gr í reglugerð um deildarbikar, 2 + 6 + 8 greinar um íslandsmót einstaklinga, 2 grein um íslandsmót tvímenning.

Einnig verða almennar keppnisreglur uppfærðar miðað við reglur WTBA reglurnar, sendar út til kynnar og síðan birtar.

Formannafundur fyrirhugaður 19 apríl.

3. Lokahóf KLÍ 29 apríl.

ÞI – á að halda samu hefð og verið hefur að KLÍ bjóði stjórnarmönnum eða láti andvirði renna beint til landsliða, ÞMP benti á að stjórnarmenn fengju nú ekki mikið fyrir snúð sinn og því væri kærkomið að fá svona smá umbun, spurning hvort KLÍ ætti að greiða fyrir fleiri og voru nefndir ÞH, SV, SEI og staðarhaldarar, var rætt um að veisluhaldarar(landsliðið) hlyti að bjóða staðarhöldurum og SEI.

4. Vinnuhópur:

Engin svör hafa borist frá félögum um mönnum á vinnuhóp sem átti að vinna frekar tillögur um „ranking“ fyrir keilara ársins.

8. Önnur mál:

Engin önnur mál.

Fleira var ekki rætt á fundinum.

Fundi slitið 18:30 – næsti fundur verður boðaður af formanni.